



## *Gjaldskrá* *fyrir kalt vatn*

**Nr. 8**  
**1. janúar 2012**

**G J A L D S K R Á**  
**HS Veitna hf fyrir ferskt neysluvatn.**

### **I. KAFLI**

1. gr.

HS Veitur hf selja afnot af fersku neysluvatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS Veitur hf láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til eðlilegra heimilisnota og annarra nota almennt.

Vatnsrennsli að húsi, þar sem um notkunargjald er að ræða, verður mælt með þar til gerðum magnmælum.

### **II. KAFLI**

3. gr.

Fyrir afnot ferska neysluvatnsins skal húseigandi greiða gjald samkvæmt álagningu eins og lýst er í gjaldskrá þessari. Notkunargjald skal greitt samkvæmt magnmæli. Þar til mælir hefur verið settur upp eða ef mælir bilar, áætla HS Veitur hf vatnsnotkunina með hliðsjón af vatnspörf sambærilegra húsa eða starfsemi.

#### **Kalt vatn á Suðurnesjum**

V1, 2, 3 ...almenn notkun....(Notkunargjald)..... 15,44 kr. pr. m<sup>3</sup>

Vatnsgjald er reiknað af fasteignamati íbúðarhússnæðis, flokkur A. 0,193%

Vatnsgjald er reiknað af fasteignamati hússnæðis í flokkum B, C og 0. 0,193%

### Kalt vatn í Vestmannaeyjum

VV1 ...Íbúðanotkun.....(Notkunargjald).....	87,26	kr. pr. m <sup>3</sup>
VV2 ...Hafnarsjóður.....(Notkunargjald).....	61,04	kr. pr. m <sup>3</sup>
VV3 ...Almenn notkun.....(Notkunargjald).....	87,26	kr. pr. m <sup>3</sup>

Vatnsgjald er reiknað sem fermetragjald á húsnæði í flokki A	141,00 kr./m <sup>2</sup> .
Vatnsgjald er reiknað af faste.mati húsnæðis í flokkum B, C og 0	0,193% .

4. gr.

### Kalt vatn á Suðurnesjum notkunargjald

HS Veitur leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

Mælaleiga :

V1 Mælir allt að og með 20 mm.....	6.719,00
V2 Mælir 25 – 70 mm.....	13.458,00
V3 Mælir 75 mm og stærri.....	26.899,00

### Kalt vatn í Vestmannaeyjum notkunargjald

Mælaleiga VV:

0 – 2,5 m <sup>3</sup> .....	4.762,00
2,6 - 14 m <sup>3</sup> .....	5.627,00
15 - 20 m <sup>3</sup> .....	7.926,00
21 - 25 m <sup>3</sup> .....	14.216,00
26 - 40 m <sup>3</sup> .....	20.548,00
41 m <sup>3</sup> og stærri.....	24.138,00

5. gr.

Ferskvatnsgjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi ferskvatnsgjalda er útgáfudagur reiknings. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS veitur hf ákveða. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd fyrir eindaga.

Sá hluti gjaldanna sem innheimtur er sem hlutfall af fasteignamati eða sem krónutala á fermetur fasteignar, er deilt niður á árið og lýtur sömu gjalddögum og gilda um orkureikninga.

7. gr.

Heimæðargjald ferskvatnsveiturnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Heimæðargjald:

Heimæð	< - 50 mm	168.560,00*
Heimæð	63 - 90 mm	220.484,00*
Heimæð	110 - 180 mm	311.774,00*
Heimæð	Bráðabirgðatenging	32.785,00*

(\* breytist m.v. byggingarvísitölu)

Ef húseigandi óskar eftir að fá fleiri en eitt ferskvatnskerfi í húsið með sérstökum mælum frá HS Veitum hf, skal hann greiða kr. 28.946,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft.

### **III. KAFLI**

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda. Vatnsgjaldi og heimæðagjaldi, ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjaldaga.

10. gr.

HS Veitur hf hafa rétt og heimild til að loka aðrennsli vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða notkunargjöldin.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, 5.602,00 kr. með 25,5% virðisaukaskatti kr. 7.031,00 hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni HS Veitna hf skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum mælitækjum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun vatnsins.

### **IV. KAFLI**

12. gr.

**Gjaldskrá þessi eru samþykkt af stjórn HS Veitna hf.**